



**KVÍKA**

Verðbréfalýsing víxla

---

## Efnisyfirlit

<b>1. ÁHÆTTUÞÆTTIR.....</b>	<b>3</b>
1.1. Almenn áhætta víxla.....	3
1.2. Lagaumhverfi .....	4
1.3. Áhætta tengd víxlunum .....	4
1.3.1. Markaðsáhætta.....	4
1.3.2. Seljanleikaáhætta.....	4
1.3.3. Lausafjáraáhætta.....	5
<b>2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA.....</b>	<b>5</b>
2.1. Útgefandinn .....	5
2.2. Upplýsingar um víxlana.....	5
2.3. Heimild til víxlaútgáfu.....	7
2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við .....	7
2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana.....	8
<b>3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....</b>	<b>8</b>
3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar.....	8
3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar .....	8
3.3. Skjöl til sýnis .....	9
3.4. Uppfærsla á útgefandalýsingu .....	9
3.4.1. Uppfærsla inngangs .....	9
3.4.2. Uppfærsla yfirlýsinga .....	9
<b>4. ÚTGÁFULÝSING.....</b>	<b>11</b>

Verðbréfalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 29. desember 2015 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu sem gefin var út af útgefanda og staðfest af Fjármálaeftirlitinu þann 21. desember 2015, sem uppfærð er í kafla 3.4 í þessari verðbréfalýsingu. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn almennri bankþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Verðbréfalýsing þessi er gefin út vegna umsóknar um töku víxla útgefanda, KVB 16 0323, til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

Verðbréfalýsing þessi veitir upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast víxlunum og uppfyllir hún kröfur XIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvernar einingar er a.m.k. 100.000 evrur.

Upplýsingar sem fram koma í verðbréfalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsingu og birta á sama hátt og lýsingin á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar/>.

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „víxlarnir“ og „víxlaútgáfan“ til víxlaflokksins KVB 16 0323 sem er sá flokkur sem sótt er um að tekinn verði til viðskipta í Kauphöllinni.

## 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþáttum þeim sem lýst er hér á eftir eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að hans mati eiga sérstaklega við um víxla útgefna af honum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar samkvæmt víxlunum vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

### 1.1. Almenn áhætta víxla

Fjárfesting í víxlum felur alltaf í sér áhættu. Verðmæti víxlanna kann að minnka jafnt sem aukast. Fjárfestar geta tapað verðmæti hluta eða allrar fjárfestingar sinnar í víxlum. Margvísleg atriði geta valdið breytingum á verðmæti víxlanna m.a. almennt efnahagsástand, vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglugerðum og aðrir atburðir.

## 1.2. Lagaumhverfi

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og Vixillög, nr. 93/1933.

Þá gilda um útgáfuna reglugerð nr. 837/2013, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga og aðrar reglugerðir og löggjöf sem varða útgáfu og víðskipti með verðbréf.

Þá munu reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur NASDAQ OMX ICELAND HF. fyrir útgefendur fjármálagerninga gilda um útgáfuna og útgefanda frá því að útgefandi hefur óskað eftir töku víxlanna til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX. Breytingar á löggjöf sem tengist útgáfunni kunna að hafa áhrif á verðmæti víxlanna.

Eðli máls samkvæmt getur útgefandi ekki séð fyrir breytingar á löggjöf og getur því hvorki tekið ábyrgð á mögulegum áhrifum á verð né öðrum afleiðingum sem slíkar breytingar kunna að hafa á víxlana. Á þetta við um allar breytingar á lögum og reglum settum af löggjafanum og stjórnvöldum sem og breytingar sem kunna að stafa af niðurstöðum dómstóla eða stjórnvalda.

Einnig ber að hafa í huga að breytingar á löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði kann að hafa áhrif á útgefanda og víxlana vegna aðildar Íslands að EES-samningnum.

## 1.3. Áhætta tengd víxlunum

### 1.3.1. Markaðsáhætta

Verðmæti víxla kann að taka breytingum vegna aðstæðna á markaði. Þannig getur virði víxlanna lækkað ef almenn ávöxtunarkrafa á markaði hækkar og virði hækkað ef ávöxtunarkrafa lækkar.

### 1.3.2. Seljanleikaáhætta

Víxlarnir hafa ekki áður verið tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þó svo að víxlarnir verði tekin til víðskipta í kauphöll getur útgefandi ekki ábyrgst að víðskipti með þá verði virk. Enginn skylda hvílir á útgefanda að viðhalda virkum markaði með víxlana og ekki er fyrirhugað að víðskiptavakt verði með þá. Því kann að myndast seljanleikaáhætta, þ.e. áhættan af því að ekki sé hægt að selja víxlana þegar vilji er fyrir því. Áhættan birtist með þeim hætti að markaðurinn getur ekki tekið við því magni sem til stendur að selja eða að verðmyndun sé með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi á víxlanna.

### 1.3.3. Lausafjóráhætta

Útgefandi kann að lenda í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi stýrir lausafjóráhættu sinni til þess meðal annars að tryggja að hann eigi ávalt nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

## 2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

### 2.1. Útgefandinn

Lögheiti útgefandans er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930 og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

<b>Lögformlegt heiti</b>	Kvika banki hf.
<b>Viðskiptaheiti</b>	Kvika
<b>Félagaform</b>	Hlutafélag
<b>Kennitala</b>	540502-2930
<b>Höfuðstöðvar og heimilisfang</b>	Borgartún 25, 105 Reykjavík
<b>Vefsíða</b>	kvika.is
<b>Símanúmer</b>	540 3200
<b>Auðkenni hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.</b>	KVB

### 2.2. Upplýsingar um víxlana

Víxlarnir voru gefin út 25. september 2015 þegar kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar, voru gefnar út. Heildarútgáfuheimild í flokknum eru kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar og hefur hún því verið fullnýtt.

Ástæðan fyrir útgáfu víxlanna er að auka fjölbreytileika í fjármögnun bankans. Víxlarnir eru seldir á ávöxtunarkröfunni 7,25%. Söluvirði útgáfunnar er 1.930.036.000 krónur og er nettósöluandvirði eftir kostnað áætlað 1.926.936.000 króna. Kostnaður er 3.100.000 króna og er þar um að ræða vinnu við verðbréfa- og útgefandalýsingu og kostnað til Fjármálaeftirlitsins, Nasdaq Iceland (Kauphöll Íslands) og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Markmiðið með því að fá víxlana tekna til viðskipta í kauphöll er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi þeirra auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf útgefanda séu í samræmi við reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga í kauphöll.

<b>Auðkenni</b>	KVB 16 0323
<b>ISIN númer</b>	IS0000026219
<b>Tegund bréfs</b>	Víxlar, vaxtalausir með forvaxtafyrirkomulagi
<b>CFI númer</b>	D-Y-Z-U-X-R
<b>Skráð rafrænt</b>	Víxlarnir eru gefnir út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að.
<b>Tegund afborgana</b>	Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga.
<b>Útgáfuland</b>	Ísland
<b>Gjaldmiðill</b>	ISK – íslenskar krónur
<b>Nafnverðseiningar</b>	20.000.000,-
<b>Heildarheimild</b>	2.000.000.000,-
<b>Þegar útgefið</b>	2.000.000.000,-
<b>Útgáfudagur</b>	25.09.2015
<b>Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina</b>	1
<b>Gjalddagi höfuðstóls</b>	23.03.2016
<b>Greiðslur vaxta og vaxtaþrósentu</b>	Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi.
<b>Reikniregla vaxta</b>	Einfaldir
<b>Dagaregla</b>	30/360
<b>Vísitölutrygging</b>	Nei
<b>Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina</b>	1
<b>Innkallanlegt</b>	Nei.
<b>Innleysanlegt</b>	Nei
<b>Fyrning</b>	Kröfur samkvæmt víxlunum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.
<b>Breytanlegt</b>	Nei
<b>Greiðslustaður</b>	Útgefandi mun, fyrir milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., greiða nafnvirði víxlanna á gjalddaga til þeirra

	reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlana hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa).
<b>Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?</b>	Nei.
<b>Viðskiptavakt</b>	Ekki verður viðskiptavakt með víxlana.
<b>Framsali</b>	Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.
<b>Vanskil</b>	Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þeir eru ekki greiddir upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynninu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkyningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.
<b>Breytingar á skilmálum</b>	Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins.
<b>Hlunnindi</b>	Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.
<b>Skattur</b>	Útgáfan er rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.
<b>Gjöld</b>	Útgefandi greiðir allan kostnað við útgáfuna þ.m.t. gjöld til NASDAQ OMX Ísland hf.
<b>Ágreiningsmál</b>	Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála

### 2.3. Heimild til víxlaútgáfu

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt heimild fjármálanefndar útgefanda þann 16. september 2015.

### 2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og eftir atvikum önnur tengd löggjöf og reglur, t.d. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Þá kunna lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, að koma til skoðunar í viðeigandi tilvikum.

Þá gilda um starfsemi útgefanda lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um hlutafélag, nr. 2/1995. Um dótturfélag útgefanda, Júpíter rekstarfélag hf., gilda einnig lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, nr. 128/2011.

### 2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana

Þegar lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun stjórn útgefanda óska eftir því að víxlarnir verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfarið mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef víxlarnir verða tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á honum skipulega verðbréfa markaði.

Útgefandi er þegar útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í Kauphöll og lýtur hann því nú þegar upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfavíðskipti og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi reglur kveða meðal annars á um að útgefandi víxla skuli kappkosta að birta opinberlega og án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann veit eða má vita að kunni að hafa marktæk áhrif á verð víxlanna.

Vixilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

## 3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

### 3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sem eru ábyrgir fyrir upplýsingunum í þessari verðbréfalýsingu, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 29. desember 2015

F.h. stjórnar Kviku



Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður

F.h. Kviku



Sigurður Atli Jónsson, forstjóri

### 3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Útgefandi hefur sjálfur umsjón með töku víxlanna til viðskipta og sá um gerð lýsingar og því kom enginn þriðji aðili að gerð þessarar lýsingar sem kynni að hafa annarra hagsmuna að gæta en útgefandi. Hins vegar geta falist hagsmunaárekstrar í slíkri aðstöðu en í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna í kafla 3.1 hér að ofan þá eru upplýsingar í þessari lýsingu í



samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Stjórn útgefanda er ekki kunnugt um og telur enga hagsmunaárekstra til staðar á milli skyldustarfa stjórnarmanna og aðila í framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

### 3.3. Skjöl til sýnis

Útgáfulýsing víxlanna er hluti af þessari verðbréfalýsingu og er hún sett fram í 4. kafla hér að neðan.

### 3.4. Uppfærsla á útgefandalýsingu

Útgefandalýsing sem gefin var út af útgefanda og staðfest var af Fjármálaeftirlitinu þann 21. desember 2015 er hluti af lýsingu útgefanda dags. 29. desember 2015 og er hún uppfærð á eftirfarandi hátt með tilliti til þessarar verðbréfalýsingar.

#### 3.4.1. Uppfærsla inngangs

Tvær fyrstu efnisgreinar í inngangi útgefandalýsingar verða svohljóðandi:

Útgefandalýsing þessi er birt af Kvikú banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 21. desember 2015, og uppfærð í verðbréfalýsingu útgefanda dags. 29. desember 2015, og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dags. 29. desember 2015. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn almennri bankaþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Útgefandalýsing þessi er gefin út í tengslum við umsókn um töku víxla útgefanda, KVB 16 0323, til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, og veitir hún upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast útgefanda.

#### 3.4.2. Uppfærsla yfirlýsinga

Yfirlýsingar á bls. 11, 12 og 26 í útgefandalýsingunni sem staðfest var 21. desember 2015 eru uppfærðar og verða svohljóðandi:

Formaður stjórnar og forstjóri Kvikú banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sem eru ábyrgir fyrir upplýsingunum í þessari útgefandalýsingu, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund séu upplýsingarnar í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Einnig lýsa formaður stjórnar og forstjóri því yfir að ekki hafa orðið neinar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, að útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga sem ekki tengjast hefðbundinni starfsemi hans sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem stendur til að gefa út og að útgefandi er ekki aðili að neinu stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförmu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar.


Reykjavík, 29. desember 2015

F.h. stjórnar Kviku



Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður

F.h. Kviku



Sigurður Atli Jónsson, forstjóri

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, endurskoðaði samstæðuársreikninga MP banka hf. fyrir árin 2013 og 2014 og ársreikning Straums fjárfestingabanka hf. fyrir árið 2013 og samstæðuársreikning Straums fjárfestingabanka hf. fyrir árið 2014. Þá kannaði KPMG sex mánaða árshlutareikning Kviku fyrir fyrri helming ársins 2015.

Við áritun á samstæðureikning MP banka hf. fyrir árið 2013 var það álit KPMG að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31.12.2013 og breytingu á handbæru fá á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun á samstæðureikning MP banka hf. fyrir árið 2014 var það álit KPMG að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31.12.2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun á ársreikning Straums fjárfestingabanka hf. fyrir árið 2013 var það álit KPMG að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31.12.2013 og breytingu á handbæru fá á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun á samstæðureikning Straums fjárfestingabanka hf. fyrir árið 2014 var það álit KPMG að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31.12.2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við skoðun á árshlutareikningi Kviku fyrir fyrri helming ársins 2015 var það mat KPMG að ekkert í reikningum gæfi ástæðu til að ætla að reikningurinn væri ekki unnin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Undirritaðir endurskoðendur staðfesta að upplýsingar í útgefandalýsingunni, sem staðfest var 21. desember 2015, sem varða framangreind reikningsskil eru enn í samræmi við tilvísaða ársreikninga og árshlutareikning.

Reykjavík, 29. desember 2015

KPMG ehf.



Sigurður Jónsson

löggiltur endurskoðandi



Helgi F. Arnarson

löggiltur endurskoðandi

Það er álit undirritaðra endurskoðenda að pro forma fjárhagsupplýsingum sem fram koma í þessum kafla í útgefandalýsingu, sem staðfest var 21. desember 2015, hafi verið safnað saman á réttan hátt og að þær séu í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem útgefandi notar.

Reykjavík, 29. desember 2015

KPMG ehf.



Sigurður Jónsson

löggiltur endurskoðandi



Helgi F. Arnarson

löggiltur endurskoðandi

#### 4. ÚTGÁFULÝSING

Hér að neðan má sjá útgáfulýsingu víxlanna, dags. 16. september 2015, ásamt síðari viðaukum við útgáfulýsinguna.

## ÚTGÁFULÝSING

### ÚTGÁFA VÍXLA Í KERFI NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR HF

#### 1. kafli

##### *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: MP banki hf.

Kt. 540502-2930

Heimild til útgáfu: Útgáfan krefst ekki samþykkis FME. Fjármálanefnd bankans tók ákvörðun um útgáfuna þann 16. september 2015.

Stofndagur: 7. maí 2002.

Skráð aðsetur: Borgartún 25, 105 Reykjavík, Ísland

- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Sigurður Atli Jónsson, kt. 040268-5299.

- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

#### 2. kafli

##### *Upplýsingar um útgáfuna:*

- 2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang/netföng*

Bárður Þór Sveinsson, kt. 041174-5449, bardur.sveinsson@mp.is

Halldór Karl Högnason, kt. 281274-5389, halldor.hognason@mp.is

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neiinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar og annað sem skuldbindur útgefanda sjá viðauka „skilmálar flokks“ hér að neðan.*

Um aðra skilmála en þá sem fram koma í þessum kafla, er vísað til skilmáblaðs aftast í útgáfulýsingu þessari.

**Vanskil:** Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þau eru ekki greidd upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynningu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkynningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og úteganfa skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.

**Framsali:** Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.

**Ágreiningsmál:** Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**Heimild:** Samkvæmt heimild fjármálanefndar MP banka hf., dags. 16. september 2015.

**Skráð í kauphöll?:** Já, eigi síðar en 31. desember 2015.

**Breytingar á skilmálum:** Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins.

**Afskráning:**

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamíðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamíðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

**Annað:**

2.3 *Hlunnindi sem tengd eru víxlunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í akveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

- 2.4 *Skattur á tekjur af vixlunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Útgáfan er rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.

- 2.5 *Nasdaq verðbréfamiðstöð ráðstafar útgefnum vixlum á reikning útgefanda nr. 305122 í MP banka hf.*
- 2.6 *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynlegar.*

### **3. kafli**

#### ***Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:***

- 3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*

Halldór Karl Högnason, kt. 281274-5389, halldor.hognason@mp.is, sími 540-3206  
Lilja Rut Jensen, kt. 170982-3989, lilja.jensen@mp.is, sími 540-3278

- 3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Sigurður Jónsson, kt. 290256-5269, sigurdurjonsson@kpmg.is, 545-6217  
Jón S. Helgason, kt. 050269-3619, jhelgason@kpmg.is, 545-6046  
Hrafnhildur Helgadóttir, kt. 260470-3619, hhelgadottir@kpmg.is, 545-6084

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

## 4. kafli

### *Fylgigögn með útgáfulýsingu:*

- 4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
- 4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lütandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*
- 4.3 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*
- MP banki hf. annast útgáfu víxlanna.
- 4.4 *Óski Nasdaq verðbréfamiðstöð eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*
- 4.5 *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynleg.*

Reykjavík, 16. September 2015

F.h. útgefanda,

  
Sigurður Atli Jónsson

F.h.reikningsstofnunar,

  
Sigurður Atli Jónsson

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekkí skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

## Skilmálar flokka.

<b>Útgefandi:</b>	MP banki hf.
<b>Kennitala:</b>	540502-2930
<b>Heimilisfang:</b>	Borgartúni 25, 105 Reykjavík
<b>Skuldabréf/víxlar:</b>	Víxlar
<b>Auðkenni (Ticker)</b>	MPS 16 0323
<b>ISIN númer</b>	IS0000026219
<b>CFI númer</b>	D-Y-Z-U-X-R
<b>Skráð rafrænt</b>	Já
<b>Tegund afborgana</b>	Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga
<b>Útgáfuland</b>	Ísland
<b>Gjaldmiðill</b>	Íslenskar krónur
<b>Dagsetning töku til viðskipta í Kauphöll</b>	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
<b>Orderbook ID</b>	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
<b>Undirflokkur</b>	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
<b>Markaður</b>	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
<b>Veltulisti</b>	Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland
<b>Nafnverðseining í Nasdaq verðbréfamíðstöð</b>	ISK 20.000.000
<b>Heildarheimild sbr útgáfulýsingu</b>	ISK 2.000.000.000
<b>Heildarútgáfa</b>	ISK 2.000.000.000
<b>Upphæð tekin til viðskipta nú</b>	ISK 2.000.000.000
<b>Útgáfudagur</b>	föstudagur, 25. september 2015
<b>Fyrsti gjalddagi höfuðstóls</b>	23.3.2016
<b>Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina</b>	1
<b>Fjöldi á ári</b>	Á ekki við
<b>Lokagjalddagi höfuðstóls</b>	miðvikudagur, 23. mars 2016
<b>Vaxtaþrósenta</b>	Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.



Vaxtaruna ef breytilegir vextir	Á ekki við
Álagsprósenta á vaxtarunu	Á ekki við
Reikniregla vaxta	Einfaldir
Dagaregla	Actual / 360, ISMA aðferð
Fyrsti vaxtadagur	Á ekki við
Fyrsti vaxtagjalddagi	Á ekki við
Fjöldi vaxtagjalddaga á ári	Á ekki við
Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina	Á ekki við
Vístölutrygging	Nei
Nafn vísitölu	Á ekki við
Dagvísitala eða mánaðarvísitala	Á ekki við
Grunngildi vísitölu	Á ekki við
Dags. grunnvísitölugildis	Á ekki við
Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta (e. dirty price/clean price)	96,5018
Innkallanlegt	Nei
Innleysanlegt	Nei
Breytanlegt	Nei
Aðrar upplýsingar	Engar
Viðskiptavakt	Nei
Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.)	Ekki lánshæfismat
Verðbréfamistöð	Verðbréfaskráning Íslands
Umsjónaraðili – taka til viðskipta	MP banki hf.
Ef óreglulegt greiðsluflæði, þá hvernig	Á ekki við
Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?	Nei

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.